



Félagsmálaskóli
alþýðu

NÁMSFRAMBOÐ

ÞEKING Í ÞÁGU LAUNAFÓLKS

NÁMSFRAMBOÐ

Vinnureglur Félagsmálaskólans	3
Félagsmálaskóli alþýðu	3

VERKALÝÐSHREYFINGIN OG VERKEFNI HENNAR

Staða, hlutverk og framtíð verkalyðshreyfingarinnar ..	4
Starfshættir og skipulag verkalyðshreyfingarinnar	4
Uppbygging og umhverfi lífeyrissjóðanna	4
Boðun og framkvæmd verkfalla	5
Formlegur undirbúningur kjarasamninga, samningaviðræður og boðun verkfalla	5
„Hvað er í þessu fyrir mig?“	6
Samningatækni	6

VINNUMARKAÐUR

Opinber og almennur vinnumarkaður	7
Grundvallarþættir á íslenskum vinnumarkaði	7
Vinnumarkaðurinn og kjarasamningar	7

EVROPUSAMBANDIÐ OG ÍSLAND

Áhrif evrópskrar lögjafar á stöðu íslensks launafólks ..	8
ESB – hvað er það?	8

RÉTTINDI LAUNAFÓLKS

Aðilaskipti að fyrirtækjum, hópuppsagnir og ábyrgð á launum við gjaldprot	9
Erlent launafólk á vinnumarkaði og verkefni stéttarfélaganna	10
Réttur til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerðir	10
Fæðingar- og foreldraorlof	11
Fjármál heimilanna og réttindi fólks á lánamarkaði ...	12
Tryggingar og kjarasamningar	12
Lok ráðningarsambands	13
Áföll á vinnumarkaði – velferð félagsmanna	13

TRÚNAÐARMAÐURINN OG VINNUSTAÐURINN

Erfiðu mál trúnaðarmannsins	14
Starfslok – að hverju þarf að huga?	14
Hlutverk trúnaðarmanna á krísutímum	15
Námshvatning á vinnustað – fræðslutrúnaðarmaður ..	15
Vinnustaðurinn eftir uppsagnir	16
Sálrænn stuðningur	16
Heilsa og líðan á vinnustað – hvað get ég gert?	17
Farsæl samskipti á fjölmenningslegum vinnustað	17
Upplýsinga- og skjalastjórn	18

AÐ EFLA SJÁLFAN SIG

Að stjórna eigin hugarfari og vellíðan	18
„Að laða til sín það góða“	19
Ræktaðu hugann – 101 ráð til að viðhalda geðheilsu og lifa í sátt	19
Að efla framkomu sína	19
Ræðumennska og framkoma	20
Styrkleikar í starfi – jákvæð sálfræði	20
Að setja sér markmið – tímastjórnun	20
Færnimappa	21

JAFNRÉTTI OG SAMFÉLAGIÐ

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja	21
Jafnrétti og hagsæld!	21

NÝ VERKFÆRI Í KASSANN!

Kynjasambætting og kynjuð hagstjórn!	22
Siðferði	22
Fyrstu grænu sporin – umhverfisfræðsla	23

Vinnureglur Félagsmálaskólans

- Miðað er við að fjöldi þátttakenda á trúnaðarmannanámskeiðum og almennum námskeiðum fari ekki niður fyrir 10. (þó hafa verið gerðar undantekningar á þessu og verður hvert tilfelli metið hverju sinni)
- Ef fella þarf trúnaðarmannanámskeið niður, eða sérpöntuð námskeið, vegna ónægrar þátttöku verður það að gerast a.m.k. viku fyrir áætlaðan námskeiðstíma. Annars þurfa félögin að greiða 20% af heildarkostnaði námskeiðs.
- Ef nemendur eru að mæta á hluta af trúnaðarmannanámskeiðum þá eiga þeir eingöngu að fá viðurkenningarskjöl sem segja til um hvað þeir hafa tekið. Þá þarf kennari að fylgjast með því að allir mæti og hafa viðverulista á hverjum degi.
- Félögin greiða fyrir skráða félagsmenn sem upphaflega var pantað fyrir, óháð því hvort þeir mæta eða ekki ef minna en vika er fram að námskeiði og engin tilkynning hefur borist frá félaginu til Félagsmálaskólans.
- Þátttakendur sem afboða sig viku fyrir áætlaðan námskeiðsdag þurfa ekki að greiða námskeiðsgjald.
- Þátttakendur sem afboða sig innan við viku þurfa að greiða ½ gjald.
- Þátttakendur sem mæta ekki og láta ekki vita þurfa að greiða fullt gjald.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. MFA, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, fer með rekstur og málefni skólans. Hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarféлага og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks.


Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans.

Starf og þjónusta skólans

Félagsmálaskólinn skipuleggur námskeið og fræðslu út frá þörfum og aðstæðum aðildarféлага fyrrgreindra sambanda. Skólastjórinn sinnir ráðgjöf við stéttarfélög varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starfið.

Félagsmálaskólinn býður upp á námskeið fyrir:

- Trúnaðarmenn
- Stjórnarmenn
- Starfsfólk stéttarféлага



VERKALÝÐSHREYFINGIN OG VERKEFNI HENNAR

● Staða, hlutverk og framtíð verkalýðshreyfingarinnar

Umhverfi og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar hefur breyst mikið á undanfönum áratugum. Fjallað verður um stéttarfélögin sem hagsmunasamtök. Þá verður gerð grein fyrir skipulagi á íslenskum vinnumarkaði, samtökum launafólks og atvinnurekenda. Einnig verður samskiptum á vinnumarkaði gerð skil og hvernig þau hafa þróast. Fjallað verður um hnattvæðinguna, breytingarnar á íslenskum vinnumarkaði og stöðu verkalýðshreyfingarinnar. Leitað verður svara við spurningunni, hvernig getur verkalýðshreyfingin best sinnt hlutverki sínu og hver ættu verkefni hennar að vera? Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki helstu einkenni íslensks vinnumarkaðar og hlutverk stéttarféлага í samfélaginu.

Leiðbeinendur: *Halldór Grönvold og lögfræðideild ASÍ eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Starfshættir og skipulag verkalýðshreyfingarinnar

Stiklað er á stóru í sögu verkalýðshreyfingarinnar frá upphafi. Fjallað er um stéttarfélögin, stöðu þeirra að lögum, stjórnskipulag og helstu verkefni, þ.á.m. gerð kjarasamninga. Vikið verður að áhrifum og stöðu félagsmanna, réttindum þeirra og skyldum. Skipulag Alþýðusambands Íslands og BSRB er til umfjöllunar, tengsl ASÍ/BSRB við stéttarfélögin og þjónustu ASÍ/BSRB við þau. Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur þekki stöðu og starfsemi stéttarfélaganna og Alþýðusambandsins og BSRB.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASÍ eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Uppbygging og umhverfi lífeyrissjóðanna

Farið verður yfir hugmyndafræði og styrk íslenska lífeyrissjóðakerfisins og hvernig það byggir á samningum milli aðila verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda.

Farið er yfir helstu lög og reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða, fjárfestingarstefnu og áhættudreifingu og fjallað um samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum sjóðanna.

Fjallað um skylduáild, tryggingavernd og samspil lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins. Útskýrð verða hvaða áhrif breytingar á grunnforsendum hafa á réttindin, s.s. ávöxtun, lífslíkur og örorkulíkur og jafnframt borin saman jöfn ávinnsla og aldurstengd. Markmið er að talsmenn og

trúnaðarmenn þekki hvernig lífeyrissjóðskerfið er byggt upp og að þeir viti hvað gerst hefur og hvað verið er að gera.

Leiðbeinandi: *Henny Hinz*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● **Boðun og framkvæmd verkfalla**

Á námskeiðinu verður fjallað með ítarlegum hætti um boðun og framkvæmd verkfalla. Fjallað verður um það hvernig standa beri að undirbúningi atkvæðagreiðslu um verkföll, framkvæmd atkvæðagreiðslu og boðun verkfalla. Farið verður yfir meginreglur sem hafa mótast um framkvæmd verkfalla, verkfallsvörslu, hverjum heimilt sé að vinna í verkfalli og frestun og aflýsingu verkfalla. Þá verður fjallað um ábyrgð stéttarfélaga á ólögmetum samningsrofum. Á námskeiðinu verður farið yfir fjölmarga dóma sem fallið hafa á undanförunum árum vegna ágreinings um framkvæmd og boðun verkfalla. Markmiðið er að þátttakendur fái nokkuð ítarlega yfirsýn yfir reglur og álitafni sem kunna að vakna vegna boðunar og framkvæmdar verkfalla.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASI eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● **Formlegur undirbúningur kjarasamninga, samningaviðræður og boðun verkfalla**

Á námskeiðinu verður fjallað um hinn formlega feril við gerð kjarasamninga, atkvæðagreiðslu þeirra og um boðun verkfalla. Fjallað er með almennum hætti um gildi kjarasamninga, áhrif friðarskyldunnar og samningsrof. Fjallað verður um heimildir og umboð samninganefnda, hlutverk og stöðu ríkissáttasemjara, viðræðuáætlanir og skilyrði fyrir framlagningu miðlunartillögu. Fjallað verður um tilhögun atkvæðagreiðslna um kjarasamninga, leynilegar allsherjaratkvæðagreiðslur og póstatkvæðagreiðslur. Sérstaklega verður fjallað um boðun og framkvæmd verkfalla og vikið að ýmsum dómum þar sem lögmati boðunar og framkvæmdar verkfalla hefur verið dregin í efa. Markmiðið námskeiðsins er að þeir félagsmenn stéttarfélaga sem koma með beinum hætti að gerð og viðræðum um kjarasamninga þekki þær formreglur sem gilda á þessu sviði.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASI eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● „Hvað er í þessu fyrir mig?“

Af hverju að vera í stéttarfélagi? Farið verður stuttlega yfir sögu verkalýðsbaráttunnar, fjallað um réttindi launafólks og hver er helsti ávinningur þess að vera í stéttarfélagi. Fjallað er um tengsl verkalýðsbaráttunnar og lagasetningar og samstarf verkalýðshreyfingar, stjórnvalda og atvinnurekenda. Þá verður farið yfir helstu áherslur dagsins í nýsköpun réttinda launafólks m.a. með tilliti til menntunar og atvinnufrelsis. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái innsýn í sögu verkalýðsbaráttunnar og átti sig á mikilvægi aðildar stéttarfélaga og hvaða réttindi þeir fá sem félagsmenn.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASI eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Samningatækni

Starfsmenn eru hartnær daglega í aðstæðum þar sem grundvallarþekking og þjálfun í samningatækni kemur að góðum notum. Ákvarðanir á vinnustað eru í ríkari mæli teknar sameiginlega og forystumenn verkalýðsfélaga, talsmenn starfsmanna og starfsmenn sjálfir eru oft í aðstæðum þar sem þeir þurfa að semja fyrir skjólstæðinga sína eða sjálfa sig – oft undir erfiðum kringumstæðum þar sem átök virðast óumflyjanleg. Á námskeiðinu verður farið yfir ferli samningaviðræðna frá undirbúningi til loka samningaferilsins, lausn deilumála, mikilvægi heiðarlegra vinnubragða og hvernig finna má leiðir til þess að ná árangri fljótt og komast hjá átökum sem skaða báða aðila.

Á námskeiðinu verður fjallað um helstu þætti samninga þar sem þátttakendur taka þátt í verklegum æfingum. Meðal annars er fjallað um samningsstöðu, forgangsöröðun, tilboðsgerð og svigrúm í samningum. Einnig helstu hugtök, bakland, viðræðunefndir og hlutverk innan samninganefndar.

Hluti af námskeiðinu fjallar um markmiðssetningar og hvernig þær auðvelda samningsferlið.

Markmiðið er að þjálfra einstaklinga í gerð samninga, þjálfra nemendur í að koma sínum skoðunum á framfæri, hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa, taka ákvarðanir sem hópur en ekki sem einstaklingar og virða niðurstöðu hópans.

Leiðbeinandi: *Guðmundur Hilmarsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

VINNUMARKAÐUR

● Opinber og almennur vinnumarkaður

Fjallað er um tvískiptingu íslensks vinnumarkaðar, þ.e. opinberan og almennan vinnumarkað. Varpað verður ljósi á ólíka stöðu stéttarfélaganna á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þá verður fjallað um réttindi launafólks og samanburður gerður eftir því hvort launafólk starfi á almennum eða opinberum vinnumarkaði. Markmiðið er að þátttakendur þekki megineinkenni og mismun á þessum tveimur hópum launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASI eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Grundvallarþættir á íslenskum vinnumarkaði

Grundvallarþættir íslenskrar vinnulöggjafar – réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Á námskeiðinu verður almennt farið yfir skipulag verkalyðshreyfingar og þær reglur sem gilda um laun, vinnutíma og réttindi launafólks samkvæmt kjarasamningum og lögum. Fjallað verður m.a. um samninga á vinnumarkaði og áhrif forgangsréttarákvæða. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki helstu meginreglur á íslenskum vinnumarkaði.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASI eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn og talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Vinnumarkaðurinn og kjarasamningar

Megináhersla er lögð á að kynna fyrir þátttakendum hvar hægt er að nálgast tölulegar upplýsingar um vinnumarkaðinn og hvað hægt er að lesa út úr þeim upplýsingum. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum og fyrirspurnum frá þátttakendum þar sem rætt er um hlutina á mannamáli og þeir settir í samhengi við dagleg störf trúnaðarmannsins. Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum hvernig vinnumarkaðurinn skiptist eftir störfum og starfsgreinum. Hvar hægt er að nálgast tölulegar upplýsingar um vinnumarkaðinn er varða laun og launadreifingu og hvað má lesa úr þeim upplýsingum. Hvernig laun eru reiknuð út, eftir launaflokkum og starfsaldri. Auka skilning á tölulegum upplýsingum svo trúnaðarmaðurinn geti tekið virkari þátt í umræðum á sínum vinnustað um vinnumarkaðsmál og miðlað þeim upplýsingum til samstarfsmanna.

Leiðbeinandi: *Guðmundur Hilmarsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

EVROPUSAMBANDIÐ OG ÍSLAND

● Áhrif evrópskrar löggjafar á stöðu íslensks launafólks

Fjallað er um EES – samninginn, tilurð hans og almenn áhrif á íslenskan rétt. Vikið verður að helstu breytingum sem orðið hafa á stöðu launafólks eftir gildistöku hans. Þá er fjallað með almennum hætti um evrópskan vinnurétt og um samskipti aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu. Vikið er að alþjóðlegu starfi ASÍ/BSRB og verkalyðshreyfingarinnar og að lokum stuttlega að Evrópustefnu ASÍ/BSRB. Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur fái greinargóða mynd af áhrifum evrópskrar vinnulöggjafar á íslenskt launafolk og íslenska verkalyðshreyfingu.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASÍ eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● ESB – hvað er það?

Uppbygging og rætur ESB verða kynntar ásamt stofnunum ESB og þróun þeirra. Farið verður í þróun atvinnulífs og stjórn mála í Evrópu, breytt valdahlutföll innan ESB, ríkjasamstarf og yfirþjóðlegt vald.

Þá verður fjallað um sameiginlega innri markaði, evruna, stækkun ESB og deilurnar um framtíðarskipan ESB. Kostir og gallar aðildar að ESB fyrir íslenskt atvinnulíf og tenging Íslands við Evrópusamruna.

Leiðbeinandi: *Högni Kristjánsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● **Aðilaskipti að fyrirtækjum, hópuppsagnir og ábyrgð á launum við gjaldþrot**

Á námskeiðinu verður leitast við að gefa yfirsýn yfir réttarstöðu starfsmanna varðandi aðilaskipti að fyrirtækjum, hópuppsagnir og ábyrgð á launum við gjaldþrot.


Leitað verður svara við spurningunum:

- Hverjar eru skyldur atvinnurekenda varðandi upplýsingar og samráð í fyrirtækjum – hvað á að upplýsa og hvern?
- Hvað eru hópuppsagnir og hvaða skilyrði þarf fyrirtækið að uppfylla?
- Hver er réttarstaða starfsmanna verði aðilaskipti að fyrirtækjum?
- Rofnar réttarsamband launþega og atvinnurekenda við aðilaskipti?
- Hver er réttarstaða launamanns við gjaldþrot?
- Hvaða réttindi ábyrgist Ábyrgðasjóður launa og að hvaða skilyrðum uppfylltum?

Markmið námskeiðsins er að veita svör við algengum spurningum og álitafnum sem koma upp hvað varðar rétt einstaklinga við aðilaskipti að fyrirtækjum, samdrátt í starfsemi þeirra og við gjaldþrot. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að þekkja löggjöf um þetta efni og helstu atriði varðandi framkvæmdina.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASÍ eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*



● Erlent launafólk á vinnumarkaði og verkefni stéttarfélaganna

Mikil fjölgun hefur orðið á erlendu launafólki á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum. Jafnframt hafa orðið miklar breytingar á löggjöf og framkvæmd varðandi starfsemi erlendra fyrirtækja og útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þessum breytingum hafa fylgt ýmis konar vandamál og ný úrlausnarefni fyrir stéttarfélögin og verkalýðshreyfinguna.

Í upphafi verður fjallað stuttlega um þær breytingar sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði hvað varðar starfsemi erlendra fyrirtækja og þátttöku útlendinga á vinnumarkaði.

Þá verður gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um þátttöku framangreindra aðila á íslenskum vinnumarkaði, bæði stjórnvaldsreglur og samninga.

Í seinni hluta námskeiðsins verður gerð grein fyrir þeim lærdómi sem dreginn hefur verið af starfsemi erlendra fyrirtækja og útlendinga á vinnumarkaði fyrir stéttarfélögin og verkalýðshreyfinguna í heild.

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á opinberu regluverki og samningum um starfsemi erlendra fyrirtækja og útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og hvernig megi beita þeim.

Leiðbeinendur: *Halldór Grönvold og lögfræðideild ASÍ eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn og talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Réttur til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerðir

Á námskeiðinu verður leitast við að gefa yfirsýn yfir þann hugmyndagrunn sem lög um atvinnuleysisstryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir byggja á og framkvæmd laganna.

Leitað verður svara við spurningunum:

- Hver er hugmyndagrundvöllur laganna um atvinnuleysisbætur og vinnumarkaðsaðgerðir?
- Hvernig á að skrá sig atvinnulausan og hvenær?
- Hverjir eiga rétt á atvinnuleysisbótum?
- Hvernig eru atvinnuleysisbætur reiknaðar út?
- Hvernig reiknast hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli?
- Hvað þýðir virk atvinnuleit?
- Hver er lengd bótatímabils?
- Hvaða reglur gilda um atvinnuleysisbætur og atvinnuleit erlendis?
- Hverjir lenda á biðtíma eftir atvinnuleysisbótum?
- Hvaða reglur gilda um vinnumarkaðsúrræði?
- Hvað reglur gilda um nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta?

Markmið námskeiðsins er að veita svör við algengum spurningum og álitaeftum sem koma upp hvað varðar rétt einstaklinga til atvinnuleysisbóta og útreikning þeirra. Þá munu sérfræðingar svara spurningum þátttakenda á námskeiðinu um þetta efni.

Leiðbeinendur: *Halldór Grönvold og sérfræðingar Vinnuálastofnunar*
Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Fæðingar- og foreldraorlof

Lög um fæðingar- og foreldraorlof fela í sér mikilvæg réttindi fyrir foreldra á vinnumarkaði og börn þeirra. Lögini voru m.a. árangur af starfi ASÍ að þessum málaflökki. Helstu markmiðin með lögnum eru að tryggja rétt barns til að njóta samvista við báða foreldra og að gera körlum og konum mögulegt að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku. Á námskeiðinu verður fjallað stuttlega um aðdraganda lagasetningarinnar og þann hugmyndagrunn sem hún hvílir á.

Megin efni námskeiðsins er umfjöllun um lögini sjálf, helstu réttindi sem þau fela í sér og hvernig þau eru í framkvæmd. Svarað verður spurningum eins og:

- Hverjir eiga rétt til fæðingar- og foreldraorlofs?
- Hvenær skapast réttur til fæðingarorlofs?
- Hvernig geta foreldrar ákveðið töku fæðingarorlofs?
- Hvernig er upphæð fæðingarorlofs fundin?
- Hver eru réttindi og hver er ávinnsla réttinda meðan foreldrar eru í fæðingarorlofi?
- Hvað er foreldraorlof og hvenær eiga foreldrar rétt á slíku orlofi?

Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu þátttakenda á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og að miðla upplýsingum um þau álitaefti sem komið geta upp varðandi framkvæmd laganna og úrlausn þeirra.

Leiðbeinendur: *Halldór Grönvold og lögfræðideild ASÍ eða BSRB*
Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*



● Fjármál heimilanna og réttindi fólks á lánamarkaði

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu hugtök sem fljóta stöðugt um samfélagið hvað varðar fjármálaheiminn, s.s. vexti, vísitölur og áhrif þeirra. Þá verður farið yfir ýmsar tegundir lána, kosti þeirra og galla s.s. verðtryggð, óverðtryggð og gengisbundin lán og þau úrræði sem aðilar geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjármál sín.

Fjallað verður um réttindi fólks á lánamarkaði, m.a. lög um neytendalán, almenn neytendasjónarmið í lánasamningum og yfirlit verður gefið yfir gildandi greiðsluferfiðleikaúrræði og farið sérstaklega yfir nýlega dóma Hæstaréttar og héraðsdóms Reykjavíkur um gengistryggingu lána.

Námskeiðið er byggt upp sem sambland af fyrirlestrum og umræðum þar sem kappkostað er að nota raunhæf dæmi úr daglega lífinu og virkja alla þátttakendur.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki helstu hugtök fjármálaheimsins og meginreglur um réttindi fólks á lánamarkaði.

Leiðbeinendur: *Henny Hinz og lögfræðingur ASÍ eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Tryggingar og kjarasamningar

Í kjarasamningum eru mörg ákvæði um tryggingar fyrir einstaklinga og hópa. Sum ákvæðin hafa verið lögfest, önnur eru eingöngu samningsbundin og taka breytingum eftir endurnýjun kjarasamninga.

Farið verður yfir eðli almannatrygginga. Leitað verður svara við spurningunum:

- Til hvers erum við með tryggingar?
- Hver er munurinn á einstaklingstryggingum og hóptryggingum?
- Hvaða tryggingar gilda í veikindum, vegna slysa eða fráfalls nákomins ættingja?
- Hverjar eru skyldur okkar svo tryggingar verði virkar?

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti veitt upplýsingar á sínum vinnustað um réttindi og skyldur þeirra sem þurfa að nýta sér tryggingar sem kjarasamningar veita. Skilningur þátttakenda verður aukinn á mikilvægi trygginga í starfi og leik.

Námskeiðið er byggt upp af efni sem lagt er fram af leiðbeinanda. Lögð er áhersla á virka þátttöku með umræðu og hópavinnu.

Leiðbeinandi: *Guðmundur Hilmarsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Lok ráðningarsambands

Á námskeiðinu verður fjallað um allar helstu meginreglur sem gilda um lok ráðningarsambands. Fjallað verður um framkvæmd uppsagna og lög- og samningsbundnar takmarkanir á uppsagnarréttinum, t.d. vegna trúnaðarmanna og barnshafandi kvenna. Sérstaklega verður fjallað um ólögsmæt uppsagnir, af hálfu atvinnurekanda og ólögsmæt brottlaup starfsmanna úr vinnu og bótaskyldu sem kann að myndast á grundvelli slíkra ólögsmætra ákvarðana. Heimildir til að rifta ráðningarsamningum verða til umfjöllunar. Þá verður sérstaklega fjallað um lög um hópuppsagnir. Farið verður nokkuð ítarlega yfir dómaframkvæmd til skýringar. Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur þekki vel þær reglur sem gilda um uppsagnir á íslenskum vinnumarkaði.

Leiðbeinandi: *Lögfræðideild ASI eða BSRB*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Áföll á vinnumarkaði – velferð félagsmanna

Hver er staða launamanns sem verður fyrir áfalli á vinnumarkaði, t.d. ef honum er sagt upp vegna erfiðleika í rekstri fyrirtækis þess sem hann starfar hjá eða ef hann slasast og þarf að draga úr vinnu tímabundið.


Leitað verður svara við spurningunum:

- Hvað verður um framfærslu hans og afborganir lána?
- Er hætt við að fjölskyldan lendi skyndilega á vonarvöl?
- Hvaða verndar nýtur hann hjá atvinnurekanda í gegnum kjarasamningsbundin réttindi?
- Hvaða verndar nýtur hann í gegnum aðild að stéttarfélagi?
- Hvað með almannatryggingakerfið?
- Hvernig virka þessi úrræði saman?

Markmið námskeiðsins eru að þátttakendur þekki helstu úrræði í tryggingum launafólks og þekki hvernig þessi úrræði verka saman.

Leiðbeinandi: *Guðmundur Hilmarsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*



TRÚNAÐARMAÐURINN OG VINNUSTAÐURINN

● Erfiðu mál trúnaðarmannsins

Það er algengt að leitað sé til trúnaðarmanna um hin ýmsu mál sem upp koma á vinnustöðum. Sum hver eru léttvæg og fylgja amstri hversdagsleikans en önnur mál eru þung og viðkvæm. Í þessari vinnustofu verður trúnaðarmönnum gefinn kostur á því að taka þátt í umræðum um hvernig gagnlegt er að koma að sumum þeim málum sem upp kunna að koma. Þátttakendur geta komið með mál sem þeir eru að glíma við og rætt við aðra trúnaðarmenn og sérfræðinga um þau. Ekki er þörf á að vera með sérstök mál til að taka þátt í vinnustofunni. Dæmi um atriði sem eru rædd eru eineltismál, samskiptaerfiðleikar, vantraust, kynferðisleg áreitni, hlutverk trúnaðarmanns á krísutímum og ágreiningur samstarfsmanna.

Vinnustofan er fyrir trúnaðarmenn sem vilja dýpka eigin þekkingu og færni í að takast á við trúnaðarmannahlutverkið af enn meiri festu og öryggi en áður.

Meðal þess sem tekið er fyrir á námskeiðinu:

- Hlutverk trúnaðarmannsins
- Ráðgjafarhlutverkið
- Að vera faglegur og þekkja sín eigin mörk
- Siðferði og traust í trúnaðarmannahlutverkinu

Leiðbeinandi: *Eyþór Eðvarðsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Starfslok – að hverju þarf að huga?

Mörgum reynast starfslok vegna aldurs, eða af öðrum orsökum, erfið. Fólk kvíðir því að fjárhagurinn þrengist, það kvíðir aðgerðarleysisinu og þannig mætti áfram telja. Það er þó óvissan sem reynist mörgum erfiðust. Á þessu námskeiði verður fjallað um ýmis þau atriði sem rétt getur verið að benda fólki á við starfsflok, t.d. þau er varða fjármálin, búsetumál, auknar frístundir og hvernig best sé að verja þeim og fleira. Leitað verður svara við spurningum eins og: Á hverju lifi ég? Hvernig líður mér? Hvar og hvernig bý ég? Hvernig nota ég tímann? Markmið námskeiðsins er að trúnaðarmenn og talsmenn geti stutt samstarfsfólk sitt sem hugsanlega stendur frammi fyrir því að starfsferli þeirra sé að ljúka.

Leiðbeinandi: *Ingibjörg Stefánsdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Hlutverk trúnaðarmanna á krísutímum

Á þessu námskeiði verður farið í hvernig ástandið í dag er að birtast á vinnustöðum. Fjallað verður um atriði eins og áfallafræðin, tilfinningar, viðbrögð fólks, sorgarferlið, samskiptin, þirringinn, reiðina, vonleysið, sögurnar o.fl. Einnig verður tekið fyrir hvað stjórnendur og starfsmenn geta gert til að takast á við þá stöðu sem þeir eru að glíma við og hvert er hlutverk þeirra á krísutímum. Unnið verður í litlum hópum þar sem þátttakendur svara spurningum og ræða síðan sameiginlega með leiðbeinanda og öðrum. Þátttakendur miðla því hvað þeir hafa verið að gera og ræða hugmyndir að því hvernig hægt væri að nálgast ástandið. Um er að ræða lifandi vinnustofu sem miðar að því að gefa þátttakendum hagnýt ráð og upplýsingar til að taka ástandið föstum tókum. Hlutverk trúnaðarmanna á erfiðleikatímum er vandasamt og mjög mikilvægt.

Leiðbeinandi: *Eyþór Eðvarðsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Námshvatning á vinnustað – fræðslutrúnaðarmaður

Námið er skipulagt fyrir þá sem vilja taka að sér að kynna og benda á möguleika sem felast í náms- og starfsráðgjöf fyrir almennt launafólk með stutta skólagöngu að baki. Almenn launafólk með stutta skólagöngu að baki er yfirleitt í mestri hættu á að missa starf sitt vegna breytinga og þróunar á vinnumarkaði. Þá hafa möguleikar þess til framþróunar og aðlögunar að breyttum vinnumarkaði verið takmarkaðir. Námskeiðið mun nýtast fulltrúum stéttarfélaganna og fyrirtækja við að aðstoða samstarfsmenn sína við að finna sér nám og þjálfun við hæfi. Á námskeiðinu ganga þátttakendur í gegnum þjálfun sem gerir þeim kleift að hjálpa vinnufélögum sínum að uppgötva hæfileika sína, gildi og eiginleika, svo þeir geti orðið ánægðari í starfi og leik. Ásamt því mun námið gefa innsýn í störf náms- og starfsráðgjafa sem þeir geta miðlað áfram til samstarfsmanna ef þeir vilja sækja sér frekari ráðgjöf.

Leiðbeinandi: *Eyrún Valsdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Vinnustaðurinn eftir uppsagnir

Undanfarið hafa mörg fyrirtæki þurft að bregða á það ráð að segja upp fólki til að mæta þeim gífurlega samdrætti sem átt hefur sér stað í efnahagslífi þjóðarinnar. Uppsögn er eins og gefur að skilja átakanlegur atburður sem kallar fram sterkar tilfinningar. Íslensk fyrirtæki hafa oftast hugað vel að þeim sem missa vinnuna með því að bjóða upp á áfallahjálp, sálfræðilegan stuðning og ráðgjöf varðandi atvinnuleit. Einnig hafa stéttarfélag veitt félagsmönnum sínum ráðgjöf og aðstoð. Hins vegar gleymist oft að huga að þeim sem eftir „lifa“ eða „sleppa“, svokölluðum „lay-off survivors“. Þeir fá allajafna enga hjálpu en fara í gegnum langt og erfitt tímabil þar sem reiði, tortryggni, kvíði, samviskubit og ótti eru ráðandi tilfinningar þeirra sem eftir sitja og hafa mikil áhrif á mórál og frammistöðu starfsmanna. Þetta getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir skilvirkni og framtíðarmöguleika vinnustaðarins. Í fyrirlestrinum verður farið yfir upplifun, viðhorf og tilfinningar „eftirlifenda“.

Á námskeiðinu verður farið yfir upplifun, viðhorf og tilfinningar „eftirlifenda“. Einnig verður farið í hvernig hægt er að liðsinna samstarfsfólki og hjálpa því að bregðast við uppsögnum og kvíða vegna hugsanlegra uppsagna og fjárhagsvanda.

Leiðbeinandi: *Eyþór Eðvarðsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Sálrænn stuðningur

Á námskeiðinu verður farið í hvaða gildi sálrænn stuðningur hefur í kjölfar áfalla og í sársaukafullum aðstæðum. Meðal annars verður fjallað um: skilgreiningu á áfalli, mismunandi tegundir áfalla, áhrif alvarlegra atvika á einstaklinginn, streitu og streituvíðbrögð, streitustjórnun, samskipti og virka hlustun og að síðustu sorg og sorgarferli. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geri sér grein fyrir hvað eru algeng viðbrögð við áföllum, að þeir geti miðlað þeirri þekkingu og veitt fólki stuðning ef með þarf. Að þeir átti sig á gildi sjálfshjálpar og geti notað og miðlað með sér aðferðum sem hjálpa í erfiðum aðstæðum.

Leiðbeinandi: *Elín Jónasdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Heilsa og líðan á vinnustað – hvað get ég gert?

Samkvæmt svokölluðum vinnuverndarlögum (nr. 46/1980) á atvinnurekandi, í samstarfi við starfsmenn og fulltrúa þeirra, að stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað. Að mörgu þarf að hyggja og mikilvægt að talsmenn og trúnaðarmenn þekki vel til reglna er varða heilsuvernd á vinnustað.

Námskeiðið verður tvískipt. Fyrri hlutinn fjallar um lög og reglugerðir, framkvæmd og eftirlit á vinnustöðum. Í seinni hlutanum verður velt upp hugmyndum sem geta nýst þátttakendum til að auka og hvetja til heilsueflingar á vinnustöðum. Heilsan er okkar allra mál og mikilvægt að unnið sé að þessum málaflokki í samvinnu allra aðila. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur kunni skil á reglum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað og kunni skil á vinnureglum og framkvæmd þeirra ásamt því að velta upp mögulegum leiðum til frekari úrbóta.

Leiðbeinandi: *Guðmundur Hilmarsson*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*


● Farsæl samskipti á fjölmeningarlegum vinnustað

Íslenskur vinnumarkaður er orðinn fjölþjóðlegur og honum fylgir menningarleg margleitni eða fjölmening. Mörgum er hún framaði og getur hún haft áhrif á samskipti fólks af ólíkum þjóðernum og alið af sér misklið sem stafar af ólíkum skilningi á samfélaginu.

Farsæl samskipti á vinnustað er háð því að aðilar hafi sama skilning á þeim aðstæðum sem þeir eru í og hvaða verkefni þarf að leysa í sameiningu. Þekking á menningu og siðum annarra á jafnréttisgrundvelli er mikilvæg. Hugtökin hnattvæðing, fordómar, mismunun, einsleitni, margleitni og gildismat eru meðal þeirra fjölmörgu hugtaka sem tengjast fjölmeningu og fjallað verður um. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fræðist um menningarmun og gildismat sem hefur áhrif á skoðanir og viðbrögð fólks og auki skilning á eigin menningu og veruleika og tengi við reynslu og veruleika annarra samstarfsmanna.

Leiðbeinandi: *Marianna Traustadóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*



● Upplýsinga- og skjalastjórn

Kynnt verða íslensk lög, reglugerðir og reglur um upplýsingar, skjöl og skjalasöfn í stuttu máli. Aðferðir, tilgangur og markmið upplýsinga- og skjalastjórnar verða tíunduð.

Farið verður í skjalatalningu, geymsluáætlun fyrir skjöl, flokkun og geymsla tölvupósts, skjalaflokkun og skjalaflokkunarkerfi, húsnæði og búnað fyrir virk og óvirk skjöl, öryggisáætlanir fyrir skjöl, þökkun og skráningu hálfvirkra og óvirkra skjala, stöðlun á skjalagerð og eyðublaðastjórn. Lögð verður áhersla á skipulag málasafna, bókhaldsgagna, ljósmynda, teikninga og kynningarefnis svo og gagna í mismunandi formi – pappír og rafrænu formi. Sýnt verður fram á hvernig hægt er að nota ýmis konar tölvukerfi við skipulagningu gagna, skráningu, vistun og endurheimt.

Fjallað verður um tengsl upplýsinga- og skjalastjórnar og stjórnun þekkingar og gæða. Kenndar verða aðferðir við að skipuleggja útgefið efni sem keypt er eða berst stofnunum, s.s. bækur, tímarit, fréttabréf, ársskýrslur o.þ.h.

Leiðbeinandi: *Jóhanna Gunnlaugsdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

AÐ EFLA SJÁLFAÐAN SIG

● Að stjórna eigin hugarfari og vellíðan

Það eru nokkur atriði sem við öll getum lært af farsælum einstaklingum. Það mikilvægasta er hvernig þeir hugsa og hvernig þeir vinna úr þeim atburðum sem gerast í kringum þá. Á fræðimáli kallast þessi eiginleiki „seigla“ eða á ensku „resilience“. Við þurfum öll á seiglu að halda til að ná okkur eftir bakslög og takast á við daglegar hindranir. Einstaklingar sem búa yfir seiglu halda ró sinni undir pressu og stjórna hvötum sínum. Þeir „lesa“ annað fólk og skilja hvernig því líður. Þeir trúa að þeir hafi áhrif á það hvert þeir stefna og að þeir geti tekist á við mótlæti. Mat þeirra á aðstæðum og orsökum vandamála er raunhæft og þeir takast á við nýjar áskoranir og stækka þannig stöðugt öryggissvæðið sitt. Rannsóknir sýna að við getum breytt því hvernig okkur líður með því að breyta hugsunum okkar því að það sem stjórnar hegðun okkar er ekki það sem gerist í kringum okkur heldur hvernig við túlkum það sem gerist. Lykillinn að seiglu er því rökréttar hugsanir. Á námskeiðinu verður farið yfir sjö þætti seiglu, hvernig þeir birtast og hvernig við getum aukið seigluna. Hér er á ferðinni efni sem er nauðsynlegt öllum þeim sem vilja öðlast meiri persónulegan styrk.

Leiðbeinandi: *Ingrid Kuhlman*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● „Að laða til sín það góða“

Námskeið í því að skapa jarðveg velgengni á erfiðum tímum.

Tilvalið fyrir hópa og vinnustaði sem vilja hópefli og uppbyggilega, glaðlega og hlýja samverustund. Léttur og einlægur fyrirlestur þar sem þátttakendur fá í nesti, tæki og tól til að halda út í framtíðina bjartsýnir og upplitsdjarfir. Hvað skiptir mestu máli í lífinu og hverju getum við stjórnað? Hvernig löðum við að okkur góða strauma og hamingju? Markmið námskeiðsins er að þátttakendur finni það góða á erfiðum tímum og láti draumana rætast þrátt fyrir mótbyr.

Leiðbeinandi: *Sigríður Arnardóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Ræktaðu hugann – 101 ráð til að viðhalda geðheilsu og lifa í sátt

Velliðan okkar byggir á því að hugsa vel um líkama og sál. Að rækta geðið helst í hendur við ræktun líkamans. Geðrækt er ungt hugtak sem leitast við að gera fólk meðvitað um mikilvægi eigin hugsunar og aðra áhrifaþætti geðheilbrigðis. Saga hugtaksins geðræktar er skoðuð og hvernig geðrækt getur aukið meðvitund okkar um eigin geðheilsu og hjálpað okkur að lifa í sátt og jafnvægi.

Námskeiðið verður byggt upp á erindum, verklegum æfingum og umræðum þar sem tvinnuð verður saman fræðslu og skemmtun.

Leiðbeinendur: *Héðinn Unnsteinsson og Elín Ebba Ásmundsdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Að efla framkomu sína

Á námskeiðinu auka þátttakendur færni sína í að koma fram af öryggi fyrir framan hóp af fólki og treysta á eigið ágæti. Þeir öðlast betri skilning á eigin kvíðaviðbrögðum og læra að stjórna sviðsskrekki og ótta. Farið er í framkomu og tjáningu, samspil ræðumanns og umhverfis, ótta og öryggi, að ná að halda athygli og kvíðavekjandi og sjálfsstyrkjandi hugsanir. Þátttakendur halda ræður og fá endurgjöf á framkomu sína frá þjálfara og öðrum þátttakendum. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur auki sjálfstraust sitt og nái meiri stjórn á eigin kvíðaviðbrögðum og læri betri, áhrifameiri og markvissari framsetningu.

Leiðbeinandi: *Edda Björgvinsdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Ræðumennska og framkoma

Þátttakendur öðlist færni í að flytja ræðu fyrir hóp af fólki. Farið verður í grunnatriði varðandi uppbyggingu og flutning ræðu, framkomu ræðumanns, ótta og sviðsskrekki og sjálfstyrkjandi hugsanir. Einnig verða skoðaðir þættir sem skipta máli í umræðum og samspil ræðumanns og umhverfis. Uppbygging ræðu, markmið og úrvinnsla efnis verður rætt og prófað. Þátttakendur halda ræður og fá endurgjöf á flutning sinn frá þjálfara og öðrum þátttakendum.

Leiðbeinandi: *Kristín Ólafsdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Styrkleikar í starfi – jákvæð sálfræði

Jákvæð sálfræði er ný grein innan sálfræðinnar sem rannsakar á vísindalegan hátt hvað stuðlar að því að einstaklingar og samfélög blómstri. Áhersla er á heilbrigð samskipti, styrkleika og vellíðan. Á námskeiðinu verður farið í samskipti á vinnustað og jákvæða greiningu; styrkleika, vellíðan, hagstæðar aðstæður, framtíð og gildi. Markmiðið er að þátttakendur öðlist nýja sýn á eigin styrkleika og þekki leiðir til að finna þá hjá sjálfum sér og öðrum. Einnig að þeir átti sig betur á einkennum góðra samskipta og þekki leiðir til að vinna að bættum samskiptum. Þá verður farið yfir gildi jákvæðs hugarfars í starfi fyrir afköst og vinnugleði. Að lokum verður bent á aðferðir til að setja fram markmið og nýta á sem bestan hátt þær aðstæður sem fyrir eru. Að nota styrkleika sína og jákvætt hugarfar stuðlar að betri samskiptum, auknum árangri í starfi og meiri starfsánægju.

Leiðbeinandi: *Anna Jóna Guðmundsdóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Að setja sér markmið – tímastjórnun

Á námskeiðinu er farið í áhrifaríkar leiðir til að setja sér markmið. Þátttakendur ljúka námskeiðinu á því að hagnýta þær aðferðir sem kenndar eru með því að setja sér skrifleg markmið. Markmiðin setja þeir í umslag, sem þeir fá síðan sent sex vikum eftir námskeiðið.

Þá fá þátttakendur innsýn í hvernig þeir verja tíma sínum í dag og læra að forgangsraða verkefnum. Farið er í mikilvægi þess að skapa tíma fyrir mikilvægustu verkefni með góðri skipulagningu og takast á við truflanir af ýmsum toga, eins og símtöl og tölvupóstinn. Tekin eru fyrir atriði eins og algengir tímaþjófvar, frestun, skipulagning og áætlanagerð, fundir og fundarstjórn, að segja nei, jákvætt hugarfar og sjálfstjórn. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist innsýn í eigin þarfir og óskir og auki færni sína í að setja sér árangursrík markmið, læri markviss vinnubrögð og auki afköst og ná betri árangri.

Leiðbeinandi: *Ingrid Kuhlman*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Færnimappa

Megináhersla er lögð á að varpa ljósi á alla þá kunnáttu sem þátttakandi býr yfir og hún skráð. Fjallað er um hvernig færnimappan nýtist trúnaðarmanninum til að greina hæfni sína til að sinna starfi trúnaðarmannsins og greina styrkleika sína. Auk þess er gerð áætlun um sí – og endurmenntun sem hefur það að markmiði að auka færni trúnaðarmannsins til að takast á við þau margvíslegu verkefni sem fylgja starfi hans. Trúnaðarmenn búa yfir færni og þekkingu sem af mörgum ástæðum hvorki samstarfsmönnum né atvinnurekendum er kunnugt um. Með færnimöppunni öðlast talsmenn skilning og yfirsýn yfir eigin hæfni og styrkja um leið möguleikann á starfsþróun og starfsframa. Í færnimöppuna skráir hver og einn alla reynslu sem skiptir máli og fær aðstoð við gerð ferilskrár.

Leiðbeinandi: *Náms- og starfsráðgjafi (12 stundir)*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda. Tölvur eru skilyrði*

JAFNRÉTTI OG SAMFÉLAGIÐ

● Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

Fyrirtæki bera ábyrgð gagnvart starfsfólki, hluthöfum, viðskiptavinum, umhverfinu, nærsamfélaginu og samfélaginu í heild. Gerð verður grein fyrir þeirri umræðu sem á sér stað um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja á alþjóðavísu og á vettvangi Evrópusambandsins m.a. í ljósi fjármálakreppunnar. Þá verður fjallað um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í íslensku samhengi og hvaða kröfur á að gera til íslenskra fyrirtækja sem starfa hér á landi og líka þeirra sem starfa erlendis. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki alþjóðlega umfjöllun um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og geti sett hana í íslenskt samhengi.

Leiðbeinandi: *Halldór Grönvold*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Jafnrétti og hagsæld!

Samtök launafólks hafa frá upphafi barist fyrir bættum lífskjörum allra landsmanna, jöfnum rétti og sömu launum fyrir jafnverðmæt störf. Jafnrétti kynjanna þýðir m.a. að kynin séu jafn sjáanleg í samfélaginu, jafn valdamikil og taki þátt í opinberu lífi og einkalífi í jöfnum hlutföllum. Því er nauðsynlegt að auka hlut kvenna í stjórnun og áhrifastöðum innan heildarsamtaka launafólks og í samtökum þeim tengdum. Nauðsynlegt er að efla vitund og skilning á mikilvægi jafnréttis kvenna og karla hjá talsmönnum verkalyðshreyfingarinnar og þekkingu á helstu hugtökum sem tengjast málaflokknum. Markmið námskeiðsins er að efla skilning og þekkingu á mikilvægi jafnrétti kynjanna á öllum sviðum samfélagsins sem byggir á þeirri grundvallarhugsun að jafnrétti og hagsæld fari hönd í hönd.

Leiðbeinandi: *Marianna Traustadóttir*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

NÝ VERKFÆRI Í KASSANN!

● Kynjasambætting og kynjuð hagstjórn!

Aukin áhersla opinberra aðila á að sambætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun og áætlanagerð er áberandi og því er mikilvægt að fulltrúar samtaka launafólks séu vel upplýstir um nýjar áherslur í umræðunni um jafnrétti og jafna stöðu kynja. Þekking á aðferð kynjasambættingar til að ná fram jafnrétti í daglegu starfi er nauðsynleg. Nýtt verkfæri í jafnréttisverkfærakassann er hugtakið kynjuð hagstjórn sem í megindráttum felur í sér að kynjasambættingu sé beitt í öllu fjárlagaferlinu. Hugmyndafræði kynjaðrar hagstjórnar kemur verkalýðshreyfingunni við þar sem hún þarf að endurspeglast í þeim kröfum sem hún setur fram gagnvart opinberum aðilum. Helstu áherslur á námskeiðinu eru á kynjasambættinguna sem vinnuaðferð.

Leiðbeinandi: *Marianna Traustadóttir*

Fyrir hverja: *Talsmenn stéttarfélaga og aðra sem félögin vilja senda*

● Siðferði

Viðskiptalífið leikur sífellt stærra hlutverk í samfélagi okkar. Sumir halda því fram að viðskipti og siðferði eigi litla samleið. Aðrir telja mikilvægt að þeir sem stundi viðskipti séu meðvitaðir um siðferðileg álitamál og í raun sé ekki hægt að reka farsæl viðskipti til langs tíma án góðs siðferðis. Samtíminn felur í sér mikla áskorun og samfélagsleg krafa er nú um bætt vinnubrögð. Endurskoðun á hugarfari sem og verkferlum er nauðsynleg og fyrirtækjamening og starfsaðferðir munu breytast í kjölfar uppgjörs við fortíðina.

Meðal efnisatriða sem tekin verða fyrir á námskeiðinu eru:

- merking siðferðilegra hugtaka
- samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja
- fagmennska, traust og siðareglur fagstétta
- gagnrýnin hugsun

Eigi „Nýtt Ísland“ að verða að veruleika þá er nauðsynlegt að efla fræðslu, umræður og þjálfun um siðferðileg álitamál. Árangurinn verður án efa áhugaverðara samfélag í framför.

Leiðbeinandi: *NN*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

● Fyrstu grænu sporin – umhverfisfræðsla

Umhverfismál snúast um samspil manns og náttúru, hvernig athafnir hans hafa áhrif á umhverfið, landið, loftið, vatnið og aðrar lífverur. Aukið vægi og umfang er í allri umræðu um loftslagsbreytingar og mikilvægi þess að nýta auðlindir lands og sjávar með sjálfbærum hætti. Talsmenn verkalyðshreyfingarinnar, líkt og aðrir landsmenn, þurfa að tileinka sér nýja hugmyndafræði.

Uppbygging námskeiðsins getur verið mismunandi, hægt er að fjalla um einn eða fleiri þætti sem í boði eru, allt eftir óskum og þörfum stéttarfélaganna.

- Umhverfismál og heimilið

Í þessum þætti er fjallað um helstu hugtök og hugmyndir sem tengjast umhverfis- og loftlagsmálum og hvernig aukin þekking á sjálfbærri þróun getur aukið lífsgæði einstaklinga. Fjallað er almennt um orku- og umhverfismál, m.a. er leitað svara við spurningunum „Hvaða orka knýr heimilisbílinn eftir 15 ár?“ og „Af hverju skiptir flokkun heimilissorps máli?“

- Umhverfismál og vinnan

Í þessum þætti er lögð áhersla á að skilgreina flokkun starfa á vinnumarkaði út frá umræðunni um umhverfismál og hvernig breyttar áherslur kalla á endurskoðun starfsmenntunar og/eða endurmenntunar. Fjallað er um fullyrðinguna „Umhverfisáherslur eru tækifæri til nýsköpunar og hagvaxtar“. Leitað er svara m.a. við spurningunum „Hvernig getur ný þekking sem byggir á grænni orku verið verðmæt til útflutnings?“ og „Krafan um sjálfbærni kallar á nýjar lausnir?“

- Umhverfismál og heimurinn

Í þessum þætti er fjallað um umhverfismál og hnattvæðinguna. Farið er yfir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og alþjóðlega þátttöku verkalyðshreyfingarinnar. Leitað er svara við spurningum sem tengjast m.a. alþjóðlegum skuldbindingum varðandi losunarheimildir og „Hvernig geta aðgerðir hér á landi haft áhrif á lífskjör íbúa annarra landa?“

Leiðbeinandi: *Marianna Traustadóttir og fleiri*

Fyrir hverja: *Trúnaðarmenn, talsmenn og aðra sem félögin vilja senda*

Allan ársins hring eru námskeið í boði fyrir alla talsmenn stéttarféлага. Á þeim er lögð áhersla á hefðbundna félagslega fræðslu. Jafnframt er boðið upp á námskeið sem taka á málefnum sem eru í brennidepli hverju sinni. Stéttarfélög geta pantað námskeið til að móta starf og stefnu og styrkja talsmenn sína.

Útgáfa fræðslu- og námsefnis er mikilvægur hluti af starfi skólans. Námsefni er bæði gefið út á prenti og rafrænu formi. Skólinn heldur úti gagnvirku vefnámi sem er aðgengilegt á internetinu.



Félagsmálaskóli
alþýðu

Nánari upplýsingar:

Félagsmálaskóli alþýðu, Sætúni 1, 105 Reykjavík
sími 53 55 600 eða www.felagsmalaskoli.is